


Deiliskipulag stofnanareits á Akranesi

Breyting/leiðrétting vegna Merkigerðis 9, sjúkrahússins á Akranesi, Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, HVE.

Deiliskipulag stofnanareits á Akranesi var samþykkt í bæjarstjórn Akraness 27.11. 1990 og staðfest af Umhverfisráðuneytinu 15. 4. 1991 skv. þágildandi skipulagslögum nr. 19/1964. Skipulagið var unnið af Magnúsi H. Ólafssyni arkitekt FAÍ.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti dagsettum í mars 1990, breyttum í október 1990, og greinargerð.



Hluti deiliskipulagsuppdráttar. Áformað framkvæmdasvæði merkt með rauðum hring.

Kaflar úr greinargerð skipulagsins sem máli skipta vegna breytingar þessarar

Forsendur deiliskipulagsins.

Stofnanareitur byggðist aðallega upp á árunum 1950-1960. Íbúðarhúsa- og stofnanalóðir er aðallandnotkun svæðisins. Skipulagið er byggt á þróun stofnana á svæðinu og hvernig þær geti brugðist við nauðsynlegum stækkunum og breytingum. Íbúðabyggingin er fullmótuð en skipulagið rúmar hugsanlegar stækkanir og breytingar.

Nýtingarhlutfall.

Að öllu jöfnu skal hámarksnýtingarhlutfall íbúðarhúsaloða og stofnanalóða vera 0,4. Einungis á lóðunum Kirkjubraut 37 og 41 verður hámarksnýtingarhlutfall hærra en 0,6.

Einstakar lóðir.

Merkigerði 9, lóð sjúkrahúss Akraness. Elsti hluti sjúkrahússins var byggður 1945 og 1946. Nýi hlutinn var byggður á árunum 1963–1966. Stækkun sjúkrahússins og nýbygging heilsugæslustöðvar er í byggingu. Ekki eru uppi neinar hugmyndir um stækkun sjúkrahússins. Ef Sjúkrahús Akraness verður stækkað getur það ekki orðið á þessari lóð nema þá með því að hækka núverandi byggingar. Þetta skipulag gerir ekki ráð fyrir byggingu á lóðinni við Kirkjubraut. Eins og áður hefur komið fram þarf að gera nýja vörudækeyrslu að sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni, frá Vesturgötu.

Tilfni breytingar/leiðréttingar

Fyrirhuguð er bygging skýlis fyrir sjúkrabíla á norðurhlíð sjúkrahússins í porti sem snýr að Heiðarbraut. Flatarmál skýlisins verður um 90-100 m². Í gildandi deiliskipulagi er nýtingarhlutfall skilgreint lægra en núverandi nýtingarhlutfall sjúkrahússlóðarinnar og væri samkvæmt því ekkert svigrúm til stækkunar hússins.

Greinargerð með breytingu/leiðréttingu.

Í deiliskipulaginu eru almenn ákvæði um að nýtingarhlutfall á svæðinu verði 0,4. Tilgreindar eru tvær lóðir með hærra nýtingarhlutfalli en ekki getið um nýtingarhlutfall á lóð sjúkrahússins. Þegar deiliskipulagið var unnið var nýtingarhlutfall sjúkrahússlóðarinnar 0,68 (0,6758). Líta má á það sem yfirsjón að þess skuli ekki getið í deiliskipulagsgreinargerðinni. Í kaflanum **Forsendur deiliskipulagsins** er vísað til þróunar stofnana á svæðinu og hvernig þær geti brugðist við nauðsynlegum stækkunum og breytingum. Byggingarreitir eru ekki sýndir á deiliskipulagsuppdrættinum.

Stækkun sjúkrahússins um 100 m² er innan skekkjumarka núverandi nýtingarhlutfalls lóðarinnar. Nýtingarhlutfall færi úr 0,6758 (0,68) í 0,6844 (0,68). Stækkunin er inni í porti mót norðri og hefur engin áhrif á aðliggjandi byggð, hvorki með skuggavarpi né útsýnisskerðingu. Fasteignir ríkisjóðs (HVE) er eigandi næsta íbúðarhúss norðan lóðarinnar. Breytingin hefur ekki í för með sér aukna umferð um Heiðarbraut þar sem hún snýst eingöngu um að bæta aðstöðu fyrir núverandi starfsemi.

Gerð er breyting á kaflanum **Einstakar lóðir – Merkigerði 9, lóð sjúkrahúss Akraness**. Við kaflann bætist setning: *Nýtingarhlutfall lóðar er 0,7.*

Engin breyting er gerð á skipulagsuppdrætti.

Breytingin/leiðréttingin er umfangslítill og hefur ekki áhrif á aðra landnotkun. Hún hefur engin áhrif á næstu íbúðarbyggð eða aðra hagsmunaaðila.

Breyting þessi er óveruleg sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hún var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann _____

_____ bærstjórinn á Akranesi

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

28. janúar 2016



Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið